

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 57/2000**

**frá 28. júní 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2000 frá 19. maí 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2385/1999 frá 10. nóvember 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2393/1999 frá 11. nóvember 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*I. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 R 2385:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2385/1999 frá 10. nóvember 1999 (Stjtið. EB L 288, 11.11.1999, bls. 14),

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 174, 13.7.2000, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 13.7.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 288, 11.11.1999, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 290, 12.11.1999, bls. 5.

- **399 R 2393:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2393/1999 frá 11. nóvember 1999 (Stjtið. EB L 290, 12.11.1999, bls. 5).“

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2385/1999 og (EB) nr. 2393/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.